

Nd.

685. Nefndarálit

[7. mál]

um frv. til laga um almenningsbókasöfn.

Frá minni hl. menntamálanefndar.

Frumvarp þetta miðar að því að sett verði rammalöggjöf um almenningsbókasöfn og fjárráð safnanna aukin til þess að þau geti gegnt því hlutverki að vera menningarstöðvar almennings í byggðum landsins.

Meginstoð var kippt undan frumvarpinu með hinni flauturslegu og vanhugsuðu breytingu á verkefnum sveitarfélaga, sem gerð var í des. sl. Með þeirri breytingu svipti meiri hluti Alþingis bókasöfnin ríkisframlagi með öllu, en sveitarfélögum einum var gert að skyldu að leggja fram fé til þessara mála.

Með hliðsjón af fjárþörf almenningsbókasafna og eðlilegri verkefnaskiptingu ríkis og sveitarfélaga er það álit minni hl. menntamálanefndar, að rétt sé að ríkið leggi fram fé á móti sveitarfélögum til almenningsbókasafna, og **leggur því minni hl. til að frumvarpið verði samþykkt í því formi sem það var upphaflega.** Þó getur minni hl. fallist á þær brtt. meiri hlutans sem lúta að innri starfsemi safnanna og telur þær til bóta, en með hliðsjón af ofangreindu getur minni hl. engan veginn fallist á 3., 4. og 5. brtt. meiri hlutans, en þær varða allar fjármögnun safnanna

Alþingi, 10. maí 1976.

Svava Jakobsdóttir,
frsm.

Magnús Torfi Ólafsson.